



GREINARGERÐ UM RENNSLIS- OG HITAMÆLINGAR Á FÁEINUM STÖÐUM
Á NORÐURLANDI DAGANA 10. - 12. 10. 1967

Eftir

Stefán Sigurmundsson

Október 1967

Greinargerð um rennslis- og hitamælingar á fáeinum
stöðum á norðurlandi dagana 10. - 12.10. 1967.

Dagana 29.9. - 6.10. var ég við dælingu í Hlíðardals-skóla við misjafnan árangur (sbr. skýrslu til Jens Tómassonar). Í þann mund var verið að hleypta holu III í Bjarnarflagi á leiðsluna, hvað gekk að vonum. Þá var ákveðið, vegna þess að eftir var að taka gas og vatnssýnishorn af holu III í Bjarnarflagi og gera ýmsar athuganir á heimleið, að við Ólafur skiptum yfir, hann tæki við dælingunni en ég færi norður. Ég fór svo norður þ. 7.10. Þá hafði verið hleypt á leiðsluna daginn áður.

Ég fylgdist svo með skilju og leiðslu í tvo daga og tók gas, þéttivatns- og holuvatns sýnishorn. Áður en ég fór, lækkaði ég þrýsting á leiðslu (samkvæmt beiðni Sigurðar Benediktssonar) úr 7,5 kg í 4 kg ca.

Þann 10. 10. lagði ég svo af stað heim á leið með viðkomu á eftirtöldum stöðum.

Stóru-Tjarnir, Ljósavatnsskarði, S-Pingeyjarsýslu.

Laugahlíð, Svarfabardal, Lyjafirði

Sauðárkrókur

Reykir v/Reykjabraut, A-Húnavatnssýslu

Sauðanes v/Svínvetningabraut, A-Húnavatnssýslu

Reykir í Miðfirði (Laugabakki), V-Húnavatnssýslu.

Á öllum þessum stöðum varrennslismælt, mældur hiti á vatninu og hitamælt í borholum á tveim stöðum.

Minning var athugað hvort holueigandi væri farinn að færa sér holuna í nyt.

Á Stóru-Tjörnum var borað í tvígang, fyrst árið 1963 með Franks-bor við lauginu, er heimamenn höfðu vatn úr, tvær holur. Síðar var borað árið 1966 með Sullivan ofar í hliðinni, þrjár holur.

Áð sögn heimamanna minnkaði vatnið í lauginni þegar borað var við hana 1963. Aftur minnkaði og kólnaði, bæði í laug og holum, er borað var 1966.

Þann 10.10. 1967 er útkoman þessi:

Holur boraðar 1963

Hola I	68	m	0,15 l/sek	45 ^o C
Hola II	9,6	m	0,50 l/sek	44 ^o C

Holur boraðar 1966

Hola I	148	m	0,15 l/sek	46,8 ^o C
Hola II	60	m	2,0 l/sek	65,0 ^o C
Hola III	72	m	0,35 l/sek	58,6 ^o C

Lindin gaf fyrir borun 1963 ca 0,75 l/sek 54^oC.

Ekki reyndist unnt að mæla lindina vegna aðstæðna.

Hola II frá 1966 er notuð til upphitunar húsa á staðnum, en lindin hefur verið tekin frá.

Á Laugahlíð í Svarfaðardal var borað 1965 með Sullivan. Hitamæling var gerð í holunni, þá um sumarið ca 3 mánuðum eftir borun, af Freysteini Sigurðssyni, Fnr. 7559.

Nú reyndist vatnsmagn vera 2,7 l/sek af 35^oC vatni.

Holan er 180 m og hitamældi ég hana í 160 m, þar eð ég hafði ekki lengri kapal. (Holan er staðsett hátt í fjallshlíð fyrir ofan bæinn, þannig að bíll kemst ekki að).

Allt rennsli holunnar er notað í sundlaug hreppsins á staðnum.

Komið var við á Sauðárkróki til að athuga hvort farið væri að nota holu VIII þar. Ekki er farið til þess enn, renna allir hennar a.m.k. 15 lítrar út í nærliggjandi skurð.

Á Reykjum við Reykjabraut var lokið við að bora holu nú í miðjum september. Holan er 233 m djúp, fóturð með 5" í 18 m.

Mína þann 11.10. tæpum mánuði seinna, er búið að virkja holuna fyrir skóla, sem er í smíðum á staðnum, ásamt íbúðarhúsi jarðarinnar. Þarna mun eiga að reisa skólamiðstöð fyrir Austur-Húnavatnssýslu, að frádregnum Blönduósi. Ég kom að máli við bóndann og sagðist ætla að líta á holuna. Hann kvað það meira en velkomið, og bað mig jafnframt að tala við þá skólamenn með tveim hrúts-hornum, því þeir væru hinir verstu menn og hefðu hlunnfarið sig í hitaveitumálum á allan hátt. Seinna kom í ljós í viðtali við byggingarmeistara skólans, sem jafnframt er skólanefndarmaður, að bóndi sái eftir linkind sinni í samningum og vildi nú helst mæla í þá nákvæmlega keyptan lítrafjölda og henda síðan restinni. Að fá meira kæmi ekki til mála nema gegn afarkostum. Er risið þarna upp deilumál mikið og liggur málið fyrir ferðadómi.

Annars er "status" sem hér segir.

Búið er að leggja frá holunni að skólanum ca 300 m leið og er kynt það af skólahúsinu, sem búið er og það sem er í frágangi.

Þinnig er lagt í ofnþró bónda.

Þriðji stútur er á holunni og er fyrir það sex umfram er. Rennur það út í skurð.

Gengið er þannig frá holunni að ekki er hægt að hitamæla hana.

Holan gefur 4,9 l/sek af 67,5⁰ vatni.

Komið var við á Sauðnesi við Laxárvatn til ath. á holu þar. Holan stendur laust við flæðarmál vatnsins. Holan er ekki nýtt, að öðru leiti en því, að komið hefur verið fyrir bækkari við holuna, og fá bóndi og búalið sér stundum þrifabæð þar. Mundi mörgu hitaveitufólki Reykjavíkur þykja langt í bæði, þar eð sex km eru frá bænum að holunni.

Holan gefur 0,8 l/sek af 39⁰ vatni.

Holan var boruð í maí 1965 og er 89 m.

Síðasti staðurinn er komið var við á að þessu sinni, var Reykir í Miðfirði öðru nafni og betur þekkt sem Lauga-
bakki.

Þar var boruð hola í febrúar 1964. Er hún notuð til upphitunar allra húsa á staðnum, en þar er kominn smá byggðarkjarni með a.m.k. 4 íbúðarhúsum, bílaverkstæði og samskólahúsi.

Ekki reyndist unnt að mæla holuna á einn eða neinn hátt, þar eð gengið var þannig frá henni. En að sögn ráðamanna gefur hún teja 3 l/sek af 91⁰ vatni.

Átur nefndar mælingar voru gerðar dagana 10. - 12.10. 1967.

13. 10. 1967

Stefán Sigurmundsson